



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 12. febrúar 2021
nr. erindis 2101276 KJ

Á 952. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 10. febrúar 2021 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbelðni; þingsályktunartillaga um heimild sveitarfélaga að innheimta umhverfisgjöld

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 28. janúar 2021 frá nefndasviði Alþingis. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld, 121. mál.

Byggðarráð samþykkir eftirfarandi bókun:

Því miður er svo víða á landsbyggðinni að fólk hefur ekki val um hvort það notar bíl eður ei og nýtur ekki þeirra valkosta sem höfuðborgarsvæðið hefur með fjölbreyttari samgöngumáta. Sumar fjölskyldur þurfa jafnvel 2 bíla til að geta sinnt vinnu og sótt þjónustu. Þetta er því tillaga um nýja búsetutengda skatta sem munu leggjast með mestum þunga á landsbyggðina. Nær væri að koma með tillögur um hvernig sé hægt að efla enn frekar almenningsamgöngur á landsbyggðinni svo færri séu háðir því að eiga og nota bíla.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar


Kristín Jónsdóttir
skjalastjóri